# Rangárþing ytra

# Fjárhagsáætlun 2023-2026

# Samantekt - Forsendur

## Seinni umræða 14. desember 2022

Unnið af Klöru Viðarsdóttur fjármálastjóra

# Forsendur áætlunar

**Útsvar:**
Samkvæmt staðgreiðsluáætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir að útsvar hækki um 6,7% milli ára, þ.e. frá endurskoðaðri áætlun 2022. Gert er ráð fyrir að tekjur af útsvari 2022 verði samtals 1.238,9. Útsvarsprósenta er óbreytt milli ára 14,52%

**Fasteignagjöld:**
Áætlun fasteignagjalda er samkvæmt áætlunarálagningu úr álagningarkerfi Þjóðskrár og er þar tekið tillit til hækkana á fasteignamati. Álagningarprósenta í A-flokki lækkar úr er 0,36% í 0,33% sem þýðir um 14,3 mkr tekjulækkun miðað við óbreytt hlutfall. Álagningarprósenta er óbreytt í C-flokki 1,5%. Áætluð álagning á Holtamannaafrétti er hækkar um 8,9% milli ára sem er m.v. hækkun á fasteignamati þar. Ásahreppur sér um álagningu á þessar eignir og þar er álagningarhlutfallið í C-flokki 1,65% Áætlað er að tekjur af fasteignaskatti hækki um 11% milli ára.

**Fasteignagjöld 2022**

| | |
|---|---|
| Fasteignaskattur | 309.817.000 |
| Lóðaleiga | 25.801.000 |
| Virkjanir | 134.292.000 |
| | **469.910.000** |

Fasteignaskattur skiptist sem hér segir:

| | Tegund | Álagning 2022 | Hækkun | Álagning 2021 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Fasteignaskattur almennt | 157.712.000 | 11,8% | 140.987.000 |
| 2 | Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði | 124.629.000 | 11,9% | 111.354.000 |
| 3 | Fasteignaskattur opinbert húsnæði | 27.476.000 | 13,7% | 24.457.000 |
| | | **309.817.000** | **11,9%** | **276.798.000** |

**Sorpgjöld**:

Sorpgjöld eru áætluð kr 66.714.000 árið 2023. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og ílát hækkar um 9% milli ára og sorpeyðingargjald hækkar um 29% milli ára. Heildar hækkun er 20% milli ára.

**Vatnsgjöld:**

Vatnsgjald sem rennur til Vatnsveitu er samkvæmt gjaldskrá Vatnsveitu. Heildar vatnsgjöld frá Rangárþingi ytra og Ásahreppi eru áætluð kr. 97.490.000 Gjaldskrá er tengd byggingarvísitölu og hækkar skv. því. Hækkun milli ára er 12,5%

**Holræsagjöld:**

Álagningarhlutfall holræsagjalda lækkar úr 0,25% af fasteignamati í 0,22% af fasteignamati og eru holræsagjöld áætluð kr. 40.525.000 árið 2023. Rotþróargjöld taka breytingum skv. byggingarvísitölu og eru áætluð kr. 17.217.000. Heildartekjur fráveitu eru því áætlaðar 57.742.000 sem er um 10% hækkun milli ára.

**Jöfnunarsjóður:**

Framlög jöfnunarsjóðs eru áætluð kr. 479.562.000 skv. áætlun sjóðsins. Það er hækkun um 23% frá viðaukaáætlun 2022.

**Aðrar tekjur**:

Gjaldskrár hækka almennt skv. vísitölu neysluverðs eða blandaðri vísitölu launa og neysluverðs.

## Yfirlit yfir tekjur í aðalsjóði

| Málafl | Skýring | Skatttekjur | Þjónustutekjur | Tekjur alls |
|---|---|---|---|---|
| 00 | Skattekjur | 2.185.845.000 | | 2.185.845.000 |
| 02 | Félagsmál | | 4.502.000 | 4.502.000 |
| 04 | Fræðslumál | | 105.932.000 | 105.932.000 |
| 05 | Menningarmál | | 0 | 0 |
| 06 | Íþrótta- og æskulýðsmál | | 133.870.000 | 133.870.000 |
| 07 | Almannavarnir | | 500.000 | 500.000 |
| 08 | Hreinlætismál | . | 68.234.000 | 68.234.000 |
| 09 | Skipulags- og byggingarmál | | 39.010.000 | 39.010.000 |
| 10 | Samgöngumál | | 12.630.000 | 12.630.000 |
| 11 | Umhverfismál | | 1.200.000 | 1.200.000 |
| 13 | Atvinnumál | | 6.046.000 | 6.046.000 |
| 21 | Sameiginlegir liðir | | 33.976.000 | 33.976.000 |
| | **Aðalsjóður samtals** | **2.185.845.000** | **449.324.000** | **2.591.745.000** |

Hér má sjá heildartekjur í aðalsjóði að undanskildum fjármagnstekjum, skipt niður á málaflokka.

## Forsendur launaáætlunar

Heildarlaunakostnaður samstæðunnar er áætlaður kr. 1.272.778.000 Taflan hér á eftir sýnir skiptingu milli málaflokka. Launakostnaður er áætlaður út frá gildandi kjarasamningum og áætluðum starfsmannafjölda í hverri stofnun. Flest allir kjarasamningar eru lausir frá 1.4. 2023 og er áætluð hækkun launa frá þeim tíma 5%.

| | | 2022 |
|---|---|---|
| 00 | Skattekjur | 0 |
| 02 | Félagsmál | 12.265.000 |
| 04 | Fræðslumál | 846.169.000 |
| 05 | Menningarmál | 0 |
| 06 | Íþrótta- og æskulýðsmál | 109.060.000 |
| 07 | Almannavarnir | 0 |
| 08 | Hreinlætismál | 0 |
| 09 | Skipulags- og byggingarmál | 32.626.000 |
| 10 | Samgöngumál | 1.585.000 |
| 11 | Umhverfismál | 779.000 |
| 13 | Atvinnumál | 1.962.000 |
| 21 | Sameiginlegir liðir | 133.298.000 |
| 22 | Lífeyrisskuldbinding | 6.194.000 |
| | Eignasjóður | 896.000 |
| | Þjónustumiðstöð | 113.975.000 |
| | Félagslegar íbúðir | 0 |
| | Suðurlandsvegur 1-3 ehf | 13.506.000 |
| | Vatnsveita | 463.000 |
| | Samtals | **1.272.778.000** |

## Annar rekstrarkostnaður - forsendur

Annar rekstrarkostnaður samstæðunnar er áætlaður kr. 1.120.670. Útgjaldaþörf var metin fyrir hverja stofnun/deild og áætlað út frá því en annars gert ráð fyrir 7% hækkun rekstrarkostnaðar.

| | | 2023 |
|---|---|---|
| 00 | Skattekjur | 0 |
| 02 | Félagsmál | 161.324.000 |
| 03 | Heilbrigðismál | 2.526.000 |
| 04 | Fræðslumál | 499.440.000 |
| 05 | Menningarmál | 23.093.000 |
| 06 | Íþrótta- og æskulýðsmál | 279.594.000 |
| 07 | Brunamál og almannavarnir | 44.751.000 |
| 08 | Hreinlætismál | 70.347.000 |
| 09 | Skipulags- og byggingarmál | 83.831.000 |
| 10 | Samgöngumál | 138.602.000 |
| 11 | Umhverfismál | 32.464.000 |
| 13 | Atvinnumál | 19.745.000 |
| 21 | Sameiginlegir liðir | 87.394.000 |
| 27 | Óreglulegur liðir | |
| | **Aðalsjóður samtals** | **1.443.111.000** |
| | | |
| | Eignasjóður | 98.785.000 |
| | Þjónustumiðstöð | 39.035.000 |
| | Millifærslur A-hluta | -539.615.000 |
| | **A-hluti samtals** | **1.041.316.000** |
| | | |
| | Félagslegar íbúðir | 3.012.000 |
| | Fráveita | 35.975.000 |
| | Leiguíbúðir | 1.335.000 |
| | Suðurlandsvegur 1-3 ehf | 20.574.000 |
| | Vatnsveita | 61.652.000 |
| | Rangárljós | 4.590.000 |
| | Millifærslur B-hluta | -47.784.00 |
| | **A og B hluti samtals** | **1.120.670.000** |

## Yfirlit yfir helstu breytingar í hverjum málaflokki

### *Málaflokkur 02 – Félagsþjónusta*

- *Heildarhækkun í málaflokknum 3% frá viðaukaáætlun 2022.*
- *Rekstur félagsþjónustu, framlag RY hækkar um 12% milli ára. Gert er ráð fyrir 70% stöðu ritara auk auk almennra hækkana.*
- *Fjárhagsaðstoð hækkar um 22% frá viðauka áætlun 2022 m.v. stöðu ársins.*
- *Heimaþjónusta lækkar um 7%% skv. áætlun félagsþjónustu. Þjónustuþegum hefur heldur fækkað. Það má alltaf búast við sveiflum á þessum lið.*
- *Kostnaður við stuðningsfjölskyldur hækkar um 33% frá áætlun 2022 vegna aukningar á þjónustu.*
- *Kostnaður vegna liðveislu lækkar um 32% milli ára vegna aukningar í þjónustu.*
- *Önnur þjónusta við fatlaða lækkar um 11,5%. Þar af hækkar framlag til félagsþjónustu um 57%. Þar er gert ráð fyrir aukningu stöðugilda úr 1 í 2. Framlög til Bergrisa lækka um 21,5% þar sem að Bergrisinn gerir ráð fyrir minni fjárþörf á næsta ári.*
- *Aðrir liðir breytast minna eða í samræmi við vísitöluhækkun.*

### *Málaflokkur 03 – Heilbrigðismál*

- *Áætlun hækkar um 18,7% milli ára.*

### *Málaflokkur 04 – Fræðslumál*

- *Framlög til Skólaþjónustu lækka um 1%. Gert ráð fyrir að námsráðgjafar færist til skóla.*
- *Kostnaður vegna reksturs Odda bs eykst um 12,5% frá viðaukaáætlun 2021. Þar af hækkar hlutur RY í rekstri Laugalandsskóla um 13,6%, Grunnskólans á Hellu um 15,5% , Leikskólans á Laugalandi um 6% og Heklukots um 10,4%.*
- *Gert er ráð fyrir auknum kostnaði vegna leikskólavistar í RE vegna fjölgunar barna en aðeins er gert ráð fyrir kostnaðinum út núverandi skólaár miðað við samþykki sveitarstjórnar. Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við heimgreiðslur milli ára.*
- *Áætlun fyrir aðra grunnskóla lækkar 15%. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna skólagöngu barna í Hvolsskóla út núverandi skólaár m.v. samþykki sveitarstjórnar. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna nemanda í Setrinu út núverandi skólaár.*
- *Framlög til Tónlistarskóla hækka um 8% m.a. vegna fjölgunar nemenda úr RY.*
- *Kostnaður við niðurgreiðslu fæðis í mötuneytum hækkar um 26%. Gjaldskrá hækkar um ca. 9% og nemendum fjölgar.*
- *Kostnaður við málaflokkinn eykst um samtals 12%*

### *Málaflokkur 05 – Menningarmál*

- *Gerð ráð vísitölu hækkun framlaga til héraðsbókasafns og héraðsskjalasafns þar sem áætlun lá ekki fyrir við gerð áætlunar sveitarfélagsins.*
- *Framlög til 17. júní standa í stað*
- *Framlag til Töðugjalda lækkar í 2 mkr úr 2,2 mkr.*
- *Framlag til Rangárþing ultra tekið út þar sem ekki er áætlað að halda keppnina, 500 þús.*
- *Í aðrir styrkir er gert ráð fyrir menningarsjóð að upphæð kr. 500 þús.*

- *Gert ráð fyrir kostnaði vegna stækkunar á kirkjugarði í Þykkvabæ 2 mkr sem frestaðist á þessu ári.*
- *Áætlun fyrir málaflokkin hækkar um 6% frá viðaukaáætlun 2022.*

***Málaflokkur 06 – Íþrótta- og tómstundamál***

- *Áætlun vegna íþrótta- og tómstundanefndar og ungmennaráðs hækkar vegna 40% hækkunar nefndarlauna.*
- *Áætlun vegna leikvalla og útivistarsvæða hækkar um 39% vegna hækkunar á innri leigu vegna fjárfestingar og hækkunar á viðhaldskostnaði.*
- *Áætlun vegna íþróttamiðstöðvar á Laugalandi hækkar um 19% frá viðaukaáætlun 2022. Minni opnun var sumarið 2022 vegna manneklu sem tekið var tillit til í viðauka. Aftur gert ráð fyrir meiri opnun sumarið 2023.*
- *Frístundastyrkur bætist við málaflokkinn 9,5 mkr.*
- *Aðrir liðir hækka í samræmi við vísitölu.*
- *Heildar hækkun í málaflokknum er 14%*

***Málaflokkur 07 – Brunamál og almannavarnir***

- *Framlög til Brunavarna hækka um 11%*
- *Hækkun á styrk til FBSH vegna vísitöluhækkunar.*
- *Lækkun á framlagi til Almannavarna m.v. stöðu.*
- *Hækkun á málaflokknum 12%.*

***Málaflokkur 08 – Hreinlætismál.***

- *Tekjur hækka um 20%.*
- *Rekstrarkostnaður hækkar um 5,5%*
- *Heildarkostnaður við málaflokkinn lækkar um 78%, úr 9,8 mkr skv áætlun 2022 í 2,1 mkr í áætlun 2023.*

***Málaflokkur 09 – Skipulagsmál***

- *Kostnaður vegna byggingarfulltrúa eykst um 20% frá viðaukaáæltun 2022. M.a. er gert ráð fyrir viðbótarstöðugildi 40%.*
- *Aðrir liðir breytast í takti við vísitölu. Heildar hækkun á málaflokknum er 5%.*
- ***Undir þennan málaflokk færist kostnaður vegna uppkaupa á hesthúsum í gamla hesthúsahverfinu. Upphaflega var gert ráð fyrir að allur kostnaðurinn myndi falla til á árinu 2022, en hann frestast að hluta og gert ráð fyrir 30 mkr á árinu 2023.***

***Málaflokkur 10 – Umferðar og samgöngumál***

- *Kostnaður vegna samgöngunefndar hækkar vegna hækkunar nefndarlauna um 40%.*
- *Áætlun vegna viðhalds á gatnakerfi hækkar um 34% milli ára. Gert ráð fyrir áframhaldandi átaki í viðhaldi gatna. Reiknað með lagfæringu á Langasandi árið 2023.*
- *Leiga gatnakerfis hækkar um 17% vegna fjárfestinga.*

- *Umferðarmerkingar hækka um 80%. Þar er áætlað að fara í átak í merkingum. Fer úr 1,4 í 2,5 mkr ca.*
- *Kostnaður vegna götuljósa hækkar um 28%. Þar þarf að fara í lagfæringar í Þykkvabæ.*
- *Snjómokstur áætlaður 75% af áætlun 2022 sem var óvenju þungt ár í snjómokstri.*
- *Aðrir liðir hækka skv. vísitölu. Heildar hækkun í málaflokknum 14%*

***Málaflokkur 11 – Umhverfismál***

- *Kostnaður vegna umhverfisnefndar hækkar vegna 40% hækkunar nefndarlauna.*
- *Styrkur til Skógræktarfélags hækkar skv. vísitölu og þar sem vinnuframlag sem er í samningi er nú áætlað.*
- *Kostnaður vegna refa- og minkaeyðingar hækkar um rúm 200% m.v. stöðu síðustu ára.*
- *Aðrir liðir hækka í takti við vísitölu.*
- *Heildar hækkun í málaflokknum er 14,5%.*

***Málaflokkur 13 – Atvinnumál***

- *Kostnaður vegna átaksverkefna lækkar úr 3,6 mkr í 1 mkr sem er áætlað vegna grænna iðngarða.*
- *Gert ráð fyrir að fjallskilasjóðir starfi innan fjárheimilda.*
- *Gert ráð fyrir að hætta rekstri frystihólfa á síðari hluta ársins. Gjald vegna hólfanna verður ekki innheimt á árinu 2023 til að hvetja til losunar. Kostnaður því 20% hærri en á árinu 2022.*
- *Kostnaður við atvinnu- og menningarmálanefnd eykst vegna 40% hækkunar nefndarlauna. Nefndin heldur fjárframlagi að upphæð 2,8 mkr sem m.a. fer í móttökuáætlun og viðburði á vegum nefndarinnar.*
- *Styrkur vegna Landsmóts dettur út, 2 mkr.*
- *Aðrir liðir breytast skv. vísitölu. Kostnaðar við málaflokkinn lækkar um 19,5%.*

***Málaflokkur 21 – Sameiginlegur kostnaður***

- *Kostnaður vegna Sveitarstjórnar hækkar um 16%. Hækkun á launakostnaði vegna hækkunar nefndarlauna. Aðrir liðir breytast í takti við vísitölu.*
- *Kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga ca 2 mkr. dettur út.*
- *Kostnaður vegna skrifstofu lækkar um 10% m.v. viðaukaáætlun 2022 en þar var aukinn kostnaður vegna biðlauna sveitarstjóra. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna breytinga á skrifstofuhúsnæðinu vegna færslu á Skólaþjónustu, En á móti kemur hækkun á tekjum vegna húsaleigu og þjónustu.*
- *Kostnaður vegna kynningar sveitarfélagsins eykst um 19%. M.a. gert ráð fyrir kynningarátaki.*
- *Hækkun á kostnaði vegna samtaka sveitarfélaga er 20% frá viðaukaáætlun 2022. Gert ráð fyrir að taka þátt í starfrænum verkefnum.*
- *Áætlun vegna innheimtukostnaðar hækkar úr 5 í 6,5 mkr, m.v. stöðu og vegna áætlaðarar hækkunar skatttekna.*

- *Aðrir liðir breytast skv. vísitölu. Heildar lækkun í málaflokknum er 1,2%*

***Eignasjóður***

- *Gert ráð fyrir svipuðu fjármagni í viðhald með vísitöluhækkunum.*

***Þjónustustöð***

- *Engar breytingar áætlaðar á rekstri Þjónustumiðstöðvar.*

***Leiguíbúðir***

- *Íbúðir á Laugalandi einu leiguíbúðirnar sem eru eftir.*

***Félagslegar íbúðir***

- *Óbreyttur rekstur frá þessu ári utan vísitölubreytinga og áhrifa verðbólgu á fjármagnsliði.*

***Fráveita***

- *Tekjur hækka um 11 % .*
- *Rekstur fráveitukerfi á Hellu hækkar um 38% frá áætlun 2022. Kerfið fer stækkandi og því meiri vinna sem fylgir.*
- *Kostnaður vegna rotþróatæmingar hækkar í takti við vísitöluhækkanir.*

**Fjárfesting 2023**

- 25 mkr áætlaðar í gatnaframkvæmdir á Hellu. Um er að ræða nettó fjármagn þannig að framkvæmdakostnaður getur verið hærri sem nemur álögðum gatnagerðargjöldum á árinu. Helstu framkvæmdir eru áætlaðar í iðnaðarhverfi sunnan þjóðvegar og í Ölduhverfi.
- 790 mkr áætlaðar í skólabyggingu á Hellu. Áætlað er að ljúka 1. áfanga, ljúka hönnun og hefja framkvæmdir við 2. áfanga og fara í hönnun á 3. áfanga. Reiknað er með að hægt verið að taka 1. áfanga í notkun um mitt ár 2023 og hluta af 2. áfanga á árinu 2024.
- 3,4 mkr (hlutur RY) áætlað í greiningu á húsnæðisþörf skólastofnana á Laugalandi.
- 20 mkr áætlaðar í íþróttasvæði á Hellu. Fyrsta skref að ákveða hvað á að gera og fara í hönnun.
- 10 mkr áætlaðar í útivistarsvæði/leikvelli. Þær verða nýttar í okkar framlag i verkefni við Fossabrekkur, vélhjólasvæði og hjóla/göngustíg milli Hellu og Hvolsvallar
- 10 mkr áætlaðar í endurnýjun tækja hjá Þjónustumiðstöð.
- 24 mkr áætlaðar í framkvæmdir hjá Fráveitu. Þar er um að ræða nettó fjárfestingu en reiknað er með amk 20% endurgreiðslu frá ríkinu vegna framkvæmda. Helstu verkefni eru lögn frá nýju iðnaðarhverfi sunnan þjóðvegar að áætlaðri hreinsistöð sunnan þjóðvegar.
- 30 mkr áætlaðar í framkvæmdir hjá Vatnsveitu. Þar er einnig um að ræða nettó fjárfestingu þannig að tengigjöld koma til viðbótar við framkvæmdakostnað. Helsta verkefni er lögn niður í Þykkvabæ. Áætlað er að hægt verði að fara með nýja lögn amk niður að Djúpós og jafnvel lengra.
- 1,5 mkr áætlaðar í fjárfestingu hjá Rangárljósum vegna viðbóta við kerfið.
- Samtals eru 858,4 mkr áætlaðar í framkvæmdir hjá A hluta og 55,5 mkr hjá B hluta. Framkvæmdir eru því samtals áætlaðar 913,9 mkr árið 2023.